

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Hrafnagilshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 69.

25. febrúar 1969.

**AUGLÝSING****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.**

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957: 71. Nefnd Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík. Staðfest 17. febrúar 1969.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 70.

28. febrúar 1969.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Borgarneshreppi, Mýrarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Borgarneshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.*

**Magnús Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*